

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-103/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. desember 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur farsímamann gallaðan og krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. desember 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 15. desember 2016. Hinn 22. desember voru andsvörin send álitsbeiðanda til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S6 Edge fyrir 147.420 krónur hjá seljanda í september árið 2015. Farsíminn hafi síðar bilað sem lýsti sér þannig að ekki hafi verið hægt að kveikja á honum og þegar farsíminn hafi loks farið í gang blikki skjárinn og detti út. Af þeim sökum fór álitsbeiðandi með farsímamann í viðgerð hjá seljanda, fyrst þann 24. september og síðar 17. nóvember 2016. Að sögn álitsbeiðanda var farsíminn afhentur honum eftir fyrri viðgerð án útskýringa á því hvað hafi komið í ljós og álitsbeiðandi hafi því talið að farsíminn væri kominn í lag. Næsta dag hafi þó verið ljóst að farsíminn væri ennþá bilaður þar sem skjárinn hafi haldið áfram að blikka. Eftir seinni viðgerð tjáði seljandi álitsbeiðanda að síminn hafi orðið fyrir bleytuskemmdum sem hafi valdið framangreindri bilun. Tjón vegna bleytu séu ekki á ábyrgð seljanda og því verði farsíminn ekki lagaður á kostnað seljanda. Að auki svari það ekki kostnaði að gera við símann.

Álitsbeiðandi heldur því hins vegar fram að síminn hafi aldrei lent í bleytu hjá honum og seljanda beri því að gera við símann eða afhenda sér nýjan.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að farsíminn hafi verið sendur í viðgerð hjá Tæknivörum sem sé viðurkennt Samsung verkstæði þann 24. september 2016. Niðurstaða verkstæðisins hafi verið eftirfarandi: „*Bleyta hefur komist í símann í móðurborð, skjá og hleðslutengi. Viðgerð á síma borgar sig því miður ekki.*“ Verkstæðið hafi rukkað greiningargjald sem seljandi hafi greitt. Álitsbeiðandi hafi komið aftur með farsímamann sem aftur hafi verið sendur í viðgerð til Tæknivara þann 17. nóvember. Niðurstaða seinni skoðunar verkstæðisins var eftirfarandi: „*EKKI var gert við síma í síðustu viðgerð þar sem að síminn er bleytuskemmdur og viðgerð svarar ekki kostnaði. Ekkert hægt að gera fyrir þennan síma. Síminn sendur til baka með skoðunargjaldi.*“ Seljandi hafi aftur greitt skoðunargjaldið.

Seljandi tekur fram að hann reyni ávallt að koma til móts við viðskiptavinum sína og finna farsæla lausn á málum. Af þeim sökum hafi sama tæki verið sent aftur í aðra skoðun þar sem komist hafi verið að sömu niðurstöðu. Að auki hafi seljandi bent álitseiddanda á að athuga hvort farsíminn fái st bættur úr tryggungum og boðið álitseiddanda afslátt við kaup á nýjum farsíma.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitseiddandi þess að seljandi geri við farsímamann eða afhendi sér nýjan síma þar sem hann sé haldinn galla. Farsímaminn var fyrst sendur í viðgerð einu ári eftir að álitseiddandi festi kaup á honum, en ekki liggur fyrir hvenær framangreindar bilanir hafi fyrst átt sér stað. Óumdeilt er að farsími álitseiddanda er bilaður en aðila greinir á um orsök bilunar og hver beri sök á henni, en seljandi telur að farsímaminn hafi komist í snertingu við bleytu sem hafi valdið skemmdum. Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Þá mælir ákvæði 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrir en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. [...]“

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að farsímaminn hafi ekki verið haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir á neytanda. Af gögnum málsins verður ráðið að álitseiddandi hafi fyrst orðið var við bilanir í farsímanum tæpu ári eftir að hann var keyptur. Telur kæruneftndin því ósannað að farsímaminn hafi verið haldinn galla er hann var seldur til álitseiddanda. Þá verður ekki annað séð af gögnum málsins en að umrædda bilun megi rekja til álitseiddanda sjálfs eða aðstæðna er hann varða. Telst farsímaminn því ekki gallaður í skilningi laga um neytendakaup nr. 48/2003 og álitseiddandi getur ekki krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laganna. Af þeim sökum verður að hafna kröfum álitseiddanda.

VI

ÁlitSORð

Kröfum álitseiddanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson